

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

48. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfjarðarhreppi. Staðfest 16. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og/eða forleiguréttur á eftirfarandi eignum í hreppnum:

Mjóeyri með íbúðarhúsi og útihúsum, eignum kaupfélagsins Bjarkar á Hlíðarenda: Sölubúðarhúsi, geymsluhúsum og sláturhúsi með lóð að bryggju, Randúlfshúsi með lóð og bryggju, Sjóhúsi dánarbús Karls Jónassonar með lóð og bryggju, fiskþurrkunarstöð Sporðs hf. með lóð, frystihúsi og geymsluhúsum, sama með lóð og bryggju, Friðþjófshúsi með lóð og bryggju, Hlíðarenda 2 með lóð og bryggju, Tómasarhúsi (Bjarki 2) með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h.f. (áður geymsluhús Símonar Jónassonar með lóð), gömlu Sjólyst með lóð, Reykholti 1 með lóð, Odda með lóð, Sjóhúsi Birkis s.f. með uppfyllingu og bryggjum, Neta-gerðarstöð Jóhanns Klausen með uppfyllingu og bryggjum, geymsluhúsi Arnþórs Jensen með lóð, sjóhúsi Guðjóns Gíslasonar og Gunnars Hallgrímssonar með bryggju, Ásbyrgi með lóð, Svanshúsi með lóð og bryggju, íbúðarhúsinu Eyri með lóð, Nýborg með lóð, Trésmiðavinnustofu Kristins Guðmundssonar með lóð, sölubúðarhúsi kaupfélagsins Bjarkar með lóð, Rafstöðvarhúsi með lóð, hinu nýja húsi Landsbanka Íslands með lóð, Framnesi með lóð, uppfyllingu og bryggju, sölubúð Pöntunarfélags Eskfirðinga með lóð, verzlunar- og íbúðarhúsi, Friðgeirshúsi með lóð, íbúðarhúsinu Hnithbjörg með lóð og íbúðarhúsinu Bakariið með lóð, eignum Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. í Útkaupstað: Hraðfrystihúsi með lóð, og bryggju, síldarverksmiðjubyggingum með lóð, geymsluskálum og skreiðargeymsluhúsi með lóð svo og íbúðarhúsi með lóð, geymsluhúsi Jóns Kjartanssonar hf. með lóð, olíuhúsi h.f. Skeljungs með lóð, uppfyllingu og bryggju, Kaupangri með lóð, uppfyllingu og bryggju, Zeuthenshúsi með lóð, Vélaverkstæði Eskifjarðar og dráttar-